

78.fundargerð hverfisnefndar Holta – og hlíðahverfis.

Haldinn í Glerárskóla, 7.október 2014.

Mættir eru: Óskar Ingi Sigurðsson, Berglind Rafnsdóttir, Sigrún Elva Briem, Pétur Örn Birgisson, Sigurður Magnússon og Guðmundur Geirsson.

1. Frisby völlum við Glerárskóla

Hverfisnefnd hefur haft í áætlun sinni frá því í ársbyrjun að láta setja upp frisby völlum umhverfis skólann. Nú ætlum við að skella okkur í verkefnið og er skólastjóri Glerárskóla, Eyrún, hlynt þeirri hugmynd. Búið er að biðja Jón Birgi Gunnlaugsson, framkvæmdadeild, að senda yfirlitsmynd til frisby búðarinnar í Hafnarfirði, yfirlitsmynd yfir svæðið svo þeir geti undirbúið vallarskilti og ákvarðað hvar skal setja niður völlum. Þetta sama fyrirtæki setti upp frisby völlum í Kjarnaskógi. Áætlaður kostnaður fyrir völlum verður kr. 680.000 án vsk. (853,400 m.vsk) og síðan er spurning með hvort kaupa þurfi undirstöður hjá búðinni eða hvort Akureyrarbær myndi sjá um það. Getur Akureyrarbær sett niður völlum fyrir okkur fyrir áramót?

2. Umhverfisfé 2014

Nefndin hafði samband við Jón Birgi Gunnlaugsson, framkvæmdadeild, til að vita hversu mikið fé er búið að eyða af fjármagni 2014. Okkur er tilkynnt að búið sé að eyða kr. 750.000 og teljum við því nóg til að setja völlum upp fyrir fjármagn 2014 og 2015.

3. Umhverfisfé 2015

Nefndin ræddi um umhverfisfé Akureyrarbæjar 2015 og er því gróflega áætlað þanni ;
Bekkar/borð í Kvenfélagsreitinn – viðbót við það sem fyrir er.
Skilti v. Gömul hús – áframhald verkefnis frá 2014
Bekkar/borð í Seljahlíðargarðinn – viðbót við það sem fyrir er.
Uppsetning frisby golfvallar - eftirstöðvar frá 2014 ef einhverjar eru
Blakvöllum í hverfið

4. Enginn blakvöllum í hverfinu

Nefndarmenn ræddu um hvort sniðugt væri að setja blakvöllum í hverfið. Upp kom að einungis 2 slíkir vellir eru í bænum, Kjarnaskóg og við KA heimilið. Töldu nefndarmenn að hægt væri að setja slíkan völlum í Seljahlíðargarðinn eða á Krossanessvæðið þar sem fótboltavölluminn er. Þetta er eitthvað sem áfram verður skoðað og kann að heppilegt svæði fyrir svona völlum.

5. Körfuboltavellir

Upp kom sú hugmynd að setja körfuboltaspjöld víðar í hverfið en þau eru. Á leiðinni er víst körfuboltaspjald á Lönguhlíðarvöllum og er nú þegar komin stöng til að setja skiltið á. Kannski að skiltið komi fyrir veturinn?

Fyrirspurn okkar er til Framkvæmdardeildar um hvað svona körfuboltaspjöld kosti og uppsetning á þeim. Einnig var þeirri hugmynd velt upp hvort nýta mætti stór bílastæði t.d. hjá Bónus og íþróttafélaginu Þór, fyrir körfuboltaleik á kvöldin. Hvort hægt sé að setja upp með samþykki þeirra sem við á, upp körfuboltaspjöld?

6. Fótþoltamörk

Umræða varð um fótþoltamörk sem nokkur á opnum svæðum hverfisins t.d. Krossanesbraut, við blokkir hjá Skarðshlíð. Er hægt að festa mörkin niður svo ekki stafi af þeim hætta?

7. Hverfisleikskólar

Einn nefndarmanna ræddi um stöðu leikskóla okkar í hverfinu.

Er búið að ákveða um byggingu nýs leikskóla í hverfinu?

Ekki fleira rætt á þessum fundi.

Næsti fundur er þriðjudaginn 4.nóvember 2014.

Berglind Rafnsdóttir, formaður.